

AUGLÝSING

um gjald vegna þáttöku á vigtarmannanámskeiðum í Reykjavík.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn skal ráðherra ákveða gjald til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa varðandi löggildingu vigtarmanna. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði við námskeiðin og framkvæmd prófsins.

Við námskeiðsgjald bætist löggildingargjald í samræmi við lög nr. 88/1991 um aukatekjur ríkis- sjóðs eins og það er á þeim tíma sem löggilding fer fram.

Námskeiðin skiptast í almennt námskeið og endurmenntunarnámskeið. Námskeiðsgjald og löggildingargjald fyrir námskeiðin sjást í meðfylgjandi töflu:

Námskeið	Námskeiðsgjald, kr.	Löggildingargjald, kr.	Samtals, kr.
Almennt	88.500	8.300	96.800
Endurmenntun	37.200	8.300	45.500

Aukakostnaður vegna námskeiða utan Reykjavíkur reiknast fyrir hvert tilvik og byggist á dag- peningum, ferðakostnaði og ferðatíma.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi og jafnframt er úr gildi fallin auglýsing nr. 376/2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. maí 2018.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Ólafur Egill Jónsson.